

Stjórnarfundur Prentsöguseturs 24.10 2019 kl. 16:00

Fundarstaður: Prentsögusetur, Laugavegur 29, 101 Reykjavík.

Mættir: Heimir, Haukur, Þorsteinn, Svanur og Hörður sem ritaði fundargerð í fjarveru Katrínar.

1. Skálholt. Forráðamenn Skálholts eru tilbúnir að undirrita samninginn. Einhver féskortur að þeirra hálfu er eitthvað að tefja undirritun. Fyrir liggur reikningur frá Eflu vegna verkfræðivinnu uppá 380.000 með gjalddaga 4. nóv. Hugsanlega er hægt að fá gjalddaga frestað eitthvað. Beðið er eftir lögfræðilíti varðandi undirskrift samningsins.

Búið er að stoppa arkitektavinnu og má segja að hægt hafi verið á málinu. Þorsteinn sagði að þetta væru flókin samskipti sem taka sinn tíma.

Þorsteinn fór yfir styrkjaumsóknir og er það í áframhaldandi vinnu.

2. Blaðamannafundur hjá MBL. Haukur, Heimir og Þorsteinn fóru í viðtal hjá Morgunblaðinu og sögðu frá framvindu mála varðandi uppsetningu Prentsöguseturs á Skálholti.

3. Hópfærð. Heimir sagði að á næsta ári væru ýmsar stórar dagsetningar í prentsöggunni. Viðraði hann hugmyndir um hvort hægt væri að efna til hópfærða innlendis sem erlendis og skoða prentsöguna.

4. Laugavegurinn. Þar þarf að taka til og skipuleggja, skrá hluti og merkja, ramma inn myndir og hengja upp. Rætt var um skjá og stakk Þorstinn uppá að einfaldast og ódýrast væri að kaupa sjónvarpstæki og Cromcast. Kostnaður við þarf ætti ekki að vera meira en ca 80.000 kr.

5. Heimasíða félagsins. Svanur benti á að heimasíða félagsins þarfaðist uppfærslu. Haukur er með aðgang og ætlar að ganga í málið.

Fundi slitið kl. 17:00